



15. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Þriðjudaginn 15. desember 2006, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Héraðsdýralæknir mætir á fundinn, sbr. liður 5 í fundargerð bæjarráðs frá 5. desember sl.**
2. **Erindi frá Lárusi B. Jónssyni vegna kaupa á íbúðum af Blönduósbæ.**
3. **Erindi frá Lárusi B. Jónssyni vegna frestunar á verki í grunnskólanum.**
4. **Fundargerð sameiginlegs fundar bæjarráðs og skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 21. nóvember.**
5. **Uppsagnarbréf byggingarfulltrúa.**
6. **Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga.**
7. **Afskriftir eldri skulda.**
8. **Sorpmál.**
9. **Önnur mál.**

Agreiðslur:

1. **Héraðsdýralæknir mætir á fundinn, sbr. liður 5 í fundargerð bæjarráðs frá 5. desember sl.**
Mættur er Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir til viðræðna um uppbyggingu dýraspítala á Blönduósi. Umræður urðu um málið. Bæjarráð tekur vel í erindið. Áður en frekari viðræður fari fram vil bæjarráð kanna hvort Ámundakinn ehf. sé til viðræðna um verkefnið.
2. **Erindi frá Lárusi B. Jónssyni vegna kaupa á íbúðum af Blönduósbæ.**
Óskað er eftir viðræðu um kaup á öllum íbúðum í félagslega kerfinu. Bæjarráð samþykkir að eiga viðræður við bréfitara eftir áramót.
3. **Erindi frá Lárusi B. Jónssyni vegna frestunar á verki í grunnskólanum.**
Sótt er um frest til loka marsmánaðar vegna uppsetningu innihurða í grunnskóla.

Að höfðu samráði við skólayfirvöld samþykkir bæjarráð erindið en ítrekar að aðilar komi sér saman um að ekki verði röskun á starfsemi skólans. Bæjarstjóra falið að taka tillit til framkvæmdar þessarar í fjárhagsáætlun 2007.
4. **Fundargerð sameiginlegs fundar bæjarráðs og skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 21. nóvember.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Bæjarráð felur tæknideild að leggja yfirlit yfir stöðu einstakra skipulagsmála fyrir næsta fund bæjarráðs.



5. Uppsagnarbréf byggingarfulltrúa.

Eyjólfur Þór Þórarinsson segir upp starfi skipulags- og byggingarfulltrúa í bréfi dags. 5. desember. Bæjarráð þakkar Eyjólfni góð störf og felur bæjarstjóra að kanna með möguleika í stöðunni.

6. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sjóðurinn býður skuldunautum sameiningu eldri lána af eigin fé í eitt lán. Um er að ræða skuldbreytingarlán og er tilgangur þess að sameina í eitt lán 34 eldri verðtryggt lán með sömu vaxtakjörum. Bæjarráð samþykkir að lán þau sem um ræðir verði skuldbreytt í eitt lán og felur bæjarstjóra, Jónu Fanneyju Friðriksdóttur, kt. 170863-2249, fullt umboð til að undirrita lánasamning nr. 124/2006, f.h. Blönduóssbæjar.

7. Afskriftir eldri skulda.

Bæjarráð samþykkir afskriftir skuldunauta skv. framlögðu yfirliti.

8. Sorpmál.

Einar Kolbeinsson, verkefnisstjóri kynnti viðræður sem átt hafa sér stað við Sorphreinsun VH vegna sorphirðu, -urðunar og uppbyggingu gámasstöðvar á Blönduósi. Ákveðið að ræða málið nánar á næsta fundi bæjarráðs.

9. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Fundi slitið kl. 13:45 .

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)